

Umsókn um breytingu á nágildandi starfsleyfi Moldarblöndunnar-Gæðamoldar ehf

Starfsemi

Starfsemi Moldarblöndunnar-Gæðamoldar ehf. felst í móttöku jarðefna til endurvinnslu.

Breytingar:

Óskað er eftir að fá að gera eftirfarandi breytingu á nágildandi starfsleyfi sem gildir til 30. október 2026.

Óskað er eftir, samhliða jarðgerðinni, heimild til móttöku steinefna frá framkvæmdarsvæðum sem yrðu sigtuð og stærðarjöfnuð og notuð aftur sem fyllingarefni í mold og framkvæmdir. Um er að ræða endurnýtingu steinefna, með þeim hætti að í stað þess að steinefna úrgangi verði fargað í Bolaöldu/Vatnskarðsnámum, þá verður hann til gagns við framkvæmdir í nærumhverfinu.

Ekki er gert ráð fyrir meira magni af óunnum jarðvegi innan svæðisins en verið hefur undanfarin ár. Innan svæðisins er í dag fullmikið magn af óunnri mold og mun hún minnka á móti steinefnunum. Ekki er gert ráð fyrir að safna upp jarðvegi á svæðinu en reiknað er með að það þurfi að vera til 5-6 þúsund rúmmetrar hverju sinni. Með þessum breytingum ætti ekki að vera meiri hljóð- né sjónmengun til nærliggjandi íbúabyggðar en er í dag.

Undirstaða rekstursins er framleiðsla á mold en þar sem mold og rigning fara illa saman þá er hentugt að geta unnið steinefni á rigningardögum og verður þar af leiðandi minni rykmengun. Ef vinnsla steinefna þyrfti að framkvæma á öðrum dögum og vindátt væri í átt að íbúabyggð verður notast við vatnsúðara.

Framleiðsla moltu hefur verið hætt og því er ekki lengur hætta á lyktarónæði og loftmengun vegna hennar. Þess í stað er keypt molta frá Gaju til notkunar í moldarframleiðsluna.

Athafnasvæði

Athafnasvæði starfseminnar hefur verið tekið til gagngerðra endurbóta á undanförnum mánuðum og er ekki lokið.

Á svæðinu mun vera tveggja byrða olútankur frá olúfélagi.

Meðhöndlun úrgangs

Á svæðinu verður sérmerktur olúsafnari sem notaður veður til að safna notuðum olíum og smurefnum af vinnuvélum. Þess ber þó að geta að olía fellur til í undantekningartilfellum þar sem olúskipti og viðhald fer fram á viðurkenndum þjónusustverkstæðum utan við svæðið öllu jafna.

Öll spilliefni verða afhent viðurkenndum aðila fyrir örugga förgun samkvæmt reglugerð nr. 809/1999.

Byggingarefni: Ef steypubrot með eða án járnabindinga berst inn á svæðið verður því komið til endurvinnslu hjá viðurkenndum aðila.

Almennt sorp og umbúðir: Flokkað í viðeigandi gáma og sent til endurvinnslu eða urðunar.

Mengunarvarnir

Lagt hefur verið upp með að viðhafa allar viðeigandi mengunarvarnir og verður þeim haldið áfram með reglubundum skoðunum og mælingum til að lágmarka umhverfisáhrif og tryggja öryggi. Að auki verður eftirfarandi mælingum bætt við og haldið verður utan um þær í sérstakri skýrslu sem verður aðgengileg eftirlitsaðilum:

Rykmælingar verða framkvæmdar reglulega.

Hávaðamælingar verða gerðar í samræmi við reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

Reglulegt viðhald véla og búnaðar er framkvæmt til að koma í veg fyrir bilanir og leka.

Meðfylgjandi er:

- 1) Yfirlitsmynd af athafnasvæðinu sem tekin var 2. maí 2025.
 - a) Moldarframleiðsla er á svæðinu merkt A
 - b) Vinnsla steinefna myndi fara fram á svæði merkt B
 - c) Olútankur verður á svæðinu merkt C
- 2) Öryggis- og heilbrigðisáætlun
- 3) Áhættumati félagsins

Sé frekari upplýsinga óskað endilega hafið samband.